

119. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 27. ágúst 2007 kl. 18.00 á kaffistofu skólans.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra og starfið næsta vetur.
2. Önnur mál.

Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Kennaramál næsta skólaár standa þannig að Hólmgeir er kominn í heila stöðu og mun kenna aðallega í húsnæði GSS við Borgarbraut. Auk hans mun Tómas Guðni Eggertsson kenna u.þ.b. 40% stöðu í píanó + undirleik. Hann mun kenna hluta nemenda sinna í kirkjunni. Samið hefur verið við Baldur Orra Rafnsson tónlistarkennara í Grundarfirði um slagverkskennslu í vetur og auk þess kennslu eins hóps í blokkflautu. Hann mun kenna við skólann á föstudögum. Hafsteinn, Lárus og Hólmfríður kenna áfram fulla stöðu. Martin hefur ákveðið að kenna á blásturshljóðfærin til áramóta og unnið er að finna kennara sem gæti vekið við af honum.

Starfræktar verða áfram lúðrasveitirnar tvær og í vetur mun skólinn taka þátt í “Hljómsveit Vesturlands” sem styrkt er af Menningarsjóði Vesturlands. Einnig er stefnt að því að stofna sveit fyrir þá nemendur sem eru lengst komnir. Vinnuheiti þessarar sveitar er “Vikingasveitin”. Einnig verða áfram ýmsir samspilshópar í gangi.

Enn eru að berast umsóknir um tónlistarnám við skólann. Skólanum hafa borist 129 umsóknir um 120 pláss (heil og hálf nám). Langmest er sótt um nám við píanó og gítar. Eins og staðan er í dag eru 17 á biðlista og hluti þeirra frá fyrra ári. 22 umsóknir eru frá FSN nemendum. Skólanefnd mælist til þess að fjárveiting verði aukin vegna fjölda umsókna FSN nemenda og vegna biðlista. Áfram verður unnið að innheimtu hluta ríkisins vegna tónlistarnáms nemenda FSN og nemenda á framhaldsstigi.

Farið var yfir drög að skóladagatali kennsluársins 2007-2008. Jóhanna er einnig að vinna að skólanámskrá og upplýsingahefti sem verður sent heim til allra nemenda.

Nefndin mælir með því að rafræn umsóknareyðublöð verði aðgengileg á vefsíðu Stykkishólmþéttar.

Kennarar skólans munu vinna að skólastefnu Tónlistarskólans í vetur og er skólaheimsókn á starfsdegi í vetur liður í þeirri vinnu.

Fundi slitið kl. 19.20.

Sigurborg Sturludóttir (sign),
Daði Jóhannesson (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).